

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Hörgárbyggð.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í þéttbýli í Hörgárbyggð, m.a. til að koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir íbúa.

2. gr.

Með búfjárhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, sbr. 2. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Búfjárhald í þéttbýli í Hörgárbyggð er óheimilt. Afmörkun þéttbýlis fer eftir aðalskipulagi, sbr. fylgiskjal 1.

3. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar um bann við búfjárhaldi í þéttbýli skulu hafa fjarlægt það úr þéttbýlinu innan fjögurra vikna frá gildistöku samþykktarinnar.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi er sett af sveitarstjórn Hörgárbyggðar og staðfest að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands til að öðlast þegar gildi með heimild í 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2010.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*